



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. febrúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Götuheiti - Austurbakki

Lögð fram framhaldasfundargerð 48. fundar nafnanefndar dags. 20. febrúar 2018 með tillögum að götuheitum á lóðinni Austurbakka 2 við Austurbakka Reykjavíkurhafnar.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjal: framhaldasfundargerð 48. fundar nafnanefndar dags. 20. febrúar 2018



Nafnanefnd

Fundargerð

20. febrúar 2018

48. fundur. Framhaldsfundur haldinn að Borgartúni 14, 20. febrúar, 2018, kl. 15:00.

Á fundinn mættu: Ármann Jakobsson, Ásrún Kristjánsdóttir og Nikulás Úlfar Másson.
Guðrún Kvaran boðaði forföll.

Þetta gerðist:

Austurbakki

Óskað var eftir að nafnanefndin endurskoðaði tillögur sínar að heiti gatna á lóðinni Austurbakka 2 við Austurbakka Reykjavíkurhafnar.

Lagt er til að sá hluti Pósthússtrætis sem liggur milli Tryggvagötu og Geirsgötu verði endurnefnd **Steinbryggja**.


Lagt er til að gata sem lögð verður á Austurbakkanum, næst fyrir vestan fyrirhugaða byggð, að hóteli, verði kölluð **Bryggjugata**.

Lagt er til að gatan sem liggur milli Steinbryggju og Kalkofnsvegar, samsíða Tryggvagötu og Geirsgötu verði nefnd **Kolagata**.

Á aðaltekningum arkitekta hefur gata sem liggur frá Tryggvagötu, í gegnum alla lóðina, yfir Geirsgötu að Hörpu, verið kölluð Reykjastræti.

Nefndin telur það heiti ekki við hæfi og leggur til að gatan verði nefnd **Tónagata**.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.


Nikulás Úlfar Másson